



Leiðbeinandi verklag fyrir starfsmenn barnaverndarþjónustu vegna vinnslu mála fylgdarlausra barna

Fylgdarlaust barn: Samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 er fylgdarlaust barn skilgreint sem: *barn sem kemur fylgdarlaust inn á yfirráðasvæði ríkis, svo lengi sem það hefur ekki í reynd verið tekið í umsjá foreldra eða fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því samkvæmt lögræðislögum. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir án fylgdar eftir að það kemur á yfirráðasvæði ríkis.*

Barn verður einnig talið fylgdarlaust þrátt fyrir að hafa komið til landsins í fylgd ef fylgdaraðili þess getur ekki sýnt fram á forsjá barnsins.

Tilkynning berst: Tilkynning til barnaverndarþjónustu um komu fylgdarlauss barns berst alla jafna frá Útlendingastofnun eða lögreglu. Í einhverjum tilfellum geta tilkynningar borist með öðrum hætti. Ávallt skal hefja könnun máls þegar tilkynning um fylgdarlaust barn berst barnaverndarþjónustu.

1. Könnun máls

Ef tilkynning berst frá lögreglu á landamærum skal fulltrúi barnaverndarþjónustu mæta á staðinn og ásamt lögreglu leggja mat á þær aðstæður sem fyrir hendi eru.

1.1 Barn í fylgd með fullorðnum sem ekki er forsjáraðili

Ef barnið er í fylgd með fullorðnum aðila sem ekki getur sýnt fram á forsjá skal framkvæma frummat á aðstæðum og líðan barnsins með tilliti til öryggis þess. Ef talið er öruggt að barnið verði í umsjá viðkomandi er mikilvægt að barnaverndarþjónusta fari á dvalarstað þeirra og kanni aðstæður eins fljótt og auðið er.

Ef ekki er talið öruggt að barnið dvelji hjá viðkomandi skal barnaverndarþjónusta taka við umsjá barnsins og vista samkvæmt barnaverndarlögum.

Hafa verður í huga að barn getur verið hugsanlegt fórnarlamb mansals. Sé grunur um mansal skal barnaverndarþjónusta taka barn í sína umsjá og tilkynna málið til lögreglu.

Mikilvægt er að hafa í huga að þar til skjöl sem sýna fram á forsjá hafa verið sannreynd skal barn ávallt talið fylgdarlaust og máli haldið opnu.



Ef barn kemur í fylgd fullorðinna sem eru ekki foreldrar þess en hægt er að staðfesta að viðkomandi fylgdaraðila hafi verið falin umsjá barnsins þá er hægt að líta svo á að um vistun á grundvelli 90. gr. barnaverndarlaga sé að ræða. Undir slíkum kringumstæðum skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess, sbr. 3. mgr. 90. gr. barnaverndarlaga. Þá þarf barnaverndarþjónustan jafnframt að leggja mat á það hvort þörf sé á stuðningi við barnið og þ.a.l. hvort þörf sé á að halda máli þess opnu. Ef búið er að komast að þeirri niðurstöðu að hagsmunir barns séu tryggðir á nýjum dvalarstað, og ekki er talin þörf á stuðningi við barnið, er hægt að loka málinu þegar barnið hefur fengið vernd.

Ef það er hins vegar ekki hægt að fá það staðfest með formlegum hætti að viðkomandi fylgdaraðila hafi verið falin umsjá barns þá er ekki hægt að líta svo á að forsjáraðili hafi sjálfur ráðstafað barni sínu í umsjá annars, sbr. 90. gr. bvl. Undir slíkum kringumstæðum fer málið í hinn venjubundna farveg þegar um fylgdarlaus börn er að ræða, mál barnsins helst opið og Barna – og fjölskyldustofa felur barnaverndarþjónustu forsjá barnsins þegar/ef alþjóðleg vernd er veitt, sbr. 6. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Ef aðstæður breytast hins vegar eftir að ákveðinni barnaverndarþjónustu hefur verið falin forsjá barns af hálfu Barna- og fjölskyldustofu, til að mynda ef réttur forsjáraðili kemur til landsins og óskar eftir vernd, þá kemur til skoðunar hvort ástæða sé til þess að afturkalla ákvörðun Barna- og fjölskyldustofu um forsjá á grundvelli 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 þar sem fjallað er um afturköllun stjórnvaldsákvarðana.

1.2 Barn án fylgdar

Ef barn er yngra en 15 ára skal barnaverndarþjónusta taka við umsjá barns og vista á vistheimili skv. 84. gr. bvl. Ef barn er 15 ára skal tryggja barni örugga búsetu í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga, þó er heimilt að barn frá 15 ára aldri dveljist í móttökumiðstöð Útlendingastofnunar *þar til viðeigandi úrræði finnst*. Hér er um að ræða undantekningu frá því lögformlega ferli sem fara ber eftir þegar um vistun er að ræða samkvæmt barnaverndarlögum. Engu að síður er mikilvægt að hafa í huga að barn á rétt á allri þeirri þjónustu, stuðningi og eftirfylgd sem barnaverndarlög kveða á um, eins og um vistun á grundvelli barnaverndarlaga væri að ræða. Þá verður jafnframt að hafa í huga að þrátt fyrir að heimild sé fyrir því að börn 15 ára og eldri dveljist í móttökumiðstöð þá þarf barnaverndarþjónustan að skoða það í hverju tilviki hvort að það þjóni hagsmunum viðkomandi barns að það dvelji í móttökumiðstöðinni. Til að mynda með tilliti til þroska og vilja barnsins og þeirrar blöndunar, sem þar getur átt sér stað, við börn af öðrum kynjum og menningarheimum. Jafnframt er mikilvægt að stefnt sé að því að dvöl barnsins í móttökumiðstöð sé eins stutt og kostur er þar sem að aðbúnaður þar er ekki hugsaður til langrar dvalar.



2. Rannsókn máls – framkvæmd könnunar

- Taka skal afstöðu til þess hvort skipa eigi barni talsmann, sbr. 3. mgr. 46. gr. bvl.
- Fylgjast skal náið með líðan og aðstæðum barns meðan á könnun stendur með viðtölum og heimsóknnum á dvalarstað barns.
- Senda skal tilvísun í Barnahús um viðtal vegna umsóknar um alþjóðlega vernd og skal fulltrúi barnaverndarþjónustu vera viðstaddur viðtalið. Er hér sérstaklega bent á mikilvægi þess að barn fari í Barnahús hvort sem það kemur í fylgd með aðila sem er ekki forsjáraðili þess eða án fylgdar.
- Kanna hvort mögulegt sé að ná sambandi við forsjáraðila barns.
- Fylgjast með rannsókn lögreglu og Útlendingastofnunar ef um er að ræða áreiðanleikakönnun á forsjárgögnum.
- Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.
- Ef forsjárgögn eru staðfest, talið er öruggt að barnið dvelji hjá viðkomandi forsjáraðila og ekki er talin þörf á beitingu úrræða á grundvelli barnaverndarlaga lýkur könnun máls með greinargerð um niðurstöðu könnunar og máli lokað. Í öðrum tilfellum er gerð áætlun um meðferð máls.